

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 18. júní 1991****um eftirlit með öflun og eign vopna**

(91/477/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í 8. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að hinum innri markaði skuli komið á fyrir 31. desember 1992. Innri markaðurinn er svæði án innri landamæra þar sem tryggðir eru frjálsir vöruflutningar, frjáls för fólks, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar í samræmi við ákvæði sáttmálans.

Á fundi sínum í Fontainebleau 25. og 26. júní 1984 setti leiðtogaáráðið sér sérstaklega það markmið að afnema öll formsatriði sem snúa að lögreglu og tolli á innri landamærum Bandalagsins.

Algjört afnám eftirlits og formsatriða á innri landamærum Bandalagsins krefst þess að uppfylla þarf tiltekin grundvallarskilyrði. Í hvítbók sinni um tilkomu innri markaðarinnar lýsir framkvæmdastjórnin því yfir að afnám öryggiseftirlits með hlutum í flutningi og eftirlits með fólki kalli m.a. á samræmda vopnalöggjöf.

Afnám eftirlits með eign vopna á innri landamærum Bandalagsins kallar á að innan aðildarríkjanna verði samþykktar

skilvirkar reglur um eftirlit með öflun og eign skotvopna og flutningi á þeim til annars aðildarríkis. Því skal kerfisbundið eftirlit á innri landamærum Bandalagsins afnumið.

Gagnkvæmt traust, sem þessar reglur munu skapa milli aðildarríkjanna, á vernd og öryggi borgaranna, mun vaxa ef rennt er undir það stoðum með lagasetningu sem er að hluta til samræmd. Því er við hæfi að öflun og eign einstaklinga á tilteknum flokkum skotvopna verði bönnuð, leyfis skyld eða tilkynningaskyld.

Að meginreglu til er bannað að fara með vopn frá einu aðildarríki til annars. Aðeins er heimilt að víkja frá þeirri reglu ef samþykkt er málsmeðferð um að aðildarríkin fái tilkynningu um að fyrirhugað sé að fara með skotvopn inn á yfirráðasvæði þeirra.

Þó skal samþykkja sveigjanlegri reglur um veiðar og íþróttaskotfimi til að leggja ekki hömlur á frjálsa för fólks að öþörfu.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir ólöglega vopnasölu.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Gildissvið*1. gr.*

⁽¹⁾ Stjtuð. EB nr. C 235, 1. 9. 1987, bls. 8 og Stjtuð. EB nr. C 299, 28. 11. 1989, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtuð. EB nr. C 231, 17. 9. 1990, bls. 69 og Stjtuð. EB nr. C 158, 17. 6. 1991, bls. 89.

⁽³⁾ Stjtuð. EB nr. C 35, 8. 2. 1988, bls. 5.

1. Í þessari tilskipun er merking hugtakanna „vopn“ og „skotvopn“ sú sem þeim er gefin í I. viðauka. Flokkun og skilgreiningu á skotvopnum er að finna í II. lið þess viðauka.

2. Í þessari tilskipun merkir „vopnasali“ einstaklingur eða lögaðili sem starfar eingöngu eða að hluta til við framleiðslu, sölu, skipti, leigu, viðgerðir eða breytingar á skotvopnum.

3. Að því er varðar þessa tilskipun telst sá sem framvísar skilríkjum, s.s. vegabréfi eða kennivottorði þar sem búseta hans er tilgreind, hjá yfirvöldum aðildarríkis eða vopnasala þegar könnuð er eign vopna eða hvernig þau eru fengin, vera búsettur í því landi sem segir í heimilisfanginu.

4. „Evrópska skotvopnaleyfið“ er skjal, sem yfirvöld aðildarríkis gefa út að fenginni beiðni, til handa einstaklingi sem eignast og notar skotvopn á lögmætan hátt. Það gildir í mest fimm ár. Framlengja má gildistímann. Ef einungis skotvopn í D-flokki eru skráð í leyfið er hámarksgildistími þess 10 ár. Í því skulu vera þær upplýsingar sem um getur í II. viðauka. „Evrópska skotvopnaleyfið“ er ekki framseljanlegt skjal og í það skulu skráð skotvopn, eitt eða fleiri, sem leyfishafinn á og notar. Sá sem notar skotvopnið skal ætíð bera leyfið á sér. Eigendaskipti eða breytingar á eiginleikum skotvopna skulu tilgreind í leyfinu og þar skal koma fram ef skotvopnið hefur týnst eða því verið stolið.

2. gr.

1. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á beitingu ákvæða landslaga um leyfi til að bera vopn á veiðum eða í íþróttaskotfimi.

2. Tilskipun þessi gildir ekki um öflun eða eign vopna og skotfæra, í samræmi við innlend lög, sem her, lögregla, opinber yfirvöld eða safnarar og stofnanir með menningarsögulegan áhuga á vopnum sem hafa fengið viðurkenningu sem slíkir frá aðildarríkinu þar sem þeir hafa staðfestu. Hún gildir ekki heldur um kaup og sölu á vopnum og skotfærum til hernaðar.

3. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að samþykkja strangari lagaákvæði en þau sem kveðið er á um í þessari tilskipun, sbr. þó réttindin sem 2. mgr. 12. gr. veitir íbúum aðildarríkjanna.

2. KAFLI

Samræmd löggjöf um skotvopn

4. gr.

Hvert aðildarríki skal sjá til þess, a.m.k. að því er varðar A- og B-flokk, að starfsemi vopnasala á yfirráðasvæði þess sé háð leyfi sem byggist a.m.k. á athugun á persónulegri og faglegri ráðvæðni hans. Ef um er að ræða lögaðila skal athuginin beinast að einstaklingnum sem stýrir fyrirtækinu.

Í aðildarríki, þar sem starfsemi vopnasala er ekki leyfis skyld, skal hún vera tilkynningaskyld að því er varðar C- og D-flokk.

Hver vopnasali skal halda skrá og færa í hana upplýsingar um öll skotvopn í A-, B- eða C-flokki sem hann fær eða lætur af hendi, þ.m.t. upplýsingar sem gera það kleift að staðfesta um hvaða vopn er að ræða, einkum gerð, tegund, árgerð, hlaupvídd og framleiðslunúmer og nöfn og heimilisföng seljanda og kaupanda þess. Aðildarríkin skulu fylgjast reglulega með því að vopnasalar uppfylli þessa skyldu. Vopnasali skal geyma skrána í fimm ár, jafnvel þótt hann sé hættur starfsemi.

5. gr.

Með fyrirvara um 3. gr. skulu aðildarríkin heimila einstaklingum, sem til þess hafa gildar ástæður, að afla sér og eiga skotvopn í B-flokki ef viðkomandi:

- hefur náð 18 ára aldri, nema þegar um er að ræða veiðar eða íþróttaskotfimi,
- er hvorki líklegur til að stofna sjálfum sér, allsherjarreglu né almannaöryggi í hættu.

Með fyrirvara um 3. gr. skulu aðildarríkin einungis heimila einstaklingum, sem uppfylla skilyrði a-liðar fyrstu málsgreinar, að eiga skotvopn í C- og D-flokki. Aðildarríkjunum er heimilt að afturkalla leyfi til að eiga skotvopn ef skilyrði b-liðar fyrstu málsgreinar eru ekki lengur uppfyllt. Aðildarríkjunum er óheimilt að banna einstaklingum með búsetu á yfirráðasvæði þeirra að eiga vopn, sem aflað er í öðru aðildarríki, nema þau banni öflun slíkra vopna á yfirráðasvæði sínu.

6. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að banna mönnum að afla sér og eiga skotvopn og skotfæri í A-flokki. Í sérstökum tilvikum geta lögbær yfirvöld veitt leyfi fyrir slíkum skotvopnum og skotfærum ef það stríðir ekki gegn almannaöryggi eða allsherjarreglu.

7. gr.

1. Enginn má afla skotvopna í B-flokki á yfirráðasvæði aðildarríkis nema að fengnu leyfi þess aðildarríkis.

Ekki má veita manni, búsettum í öðru aðildarríki, slíkt leyfi nema að fengnu samþykki þess aðildarríkis.

2. Enginn má eiga skotvopn í B-flokki á yfirráðasvæði aðildarríkis nema að fengnu leyfi þess aðildarríkis. Sé viðkomandi búsettur í öðru aðildarríki ber að tilkynna því aðildarríki um það.

3. Leyfi til að afla sér og leyfi til að eiga skotvopn í B-flokki getur verið í formi einnar stjórnsluákvörðunar.

3. KAFLI

Formsatriði við flutning vopna innan Bandalagsins

8. gr.

1. Enginn má eiga skotvopn í C-flokki nema hafa tilkynnt um það til yfirvalda aðildarríkisins þar sem skotvopnið er haft undir höndum.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að innan eins árs frá gildistöku innlendra ákvæða til framkvæmdar þessari tilskipun verði skylt að tilkynna um öll skotvopn í C-flokki sem eru á yfirráðasvæði þeirra og ekki hefur verið tilkynnt um áður.

2. Allir seljendur, framleiðendur eða einstaklingar skulu tilkynna um sölu eða afhendingu skotvopns til yfirvalda aðildarríkis þar sem slíkt á sér stað og gefa upplýsingar sem gera það kleift að bera kennsl á skotvopnið og viðtakanda vopnsins. Ef viðtakandi skotvopnsins er búsettur í öðru aðildarríki skal aðildarríkið, þar sem hann fékk vopnið, tilkynna hinu aðildarríkinu um það og um viðtakanda skotvopnsins.

3. Ef aðildarríki bannar eða gerir leyfisskyldt að afla sér eða eiga skotvopn í B-, C- eða D-flokki á yfirráðasvæði sínu skal það tilkynna hinum aðildarríkjunum það og skulu þau þá láta yfirlýsingu þess efnis fylgja sérhverju evrópsku skotvopnaleyfi sem þau gefa út fyrir slík vopn skv. 2. mgr. 12. gr.

9. gr.

1. Heimilt er að afhenda einstaklingi, sem ekki er búsettur í viðkomandi aðildarríki, skotvopn í A-, B- eða C-flokki að uppfylltum skilyrðum 6., 7. og 8. gr.

— ef sá sem tekur við vopninu hefur sjálfur fengið leyfi skv. 11. gr. til að flytja það til búsetulands síns,

— ef sá sem tekur við vopninu leggur fram skriflega yfirlýsingu til vitnis um og réttlætningar á þeim ásetningi sínum að eiga vopnið í aðildarríkinu þar sem það er fengið, að því tilskildu að hann uppfylli lagaleg skilyrði fyrir eign þess í því aðildarríki.

2. Aðildarríkin geta heimilað tímabundna afhendingu skotvopna í samræmi við málsmeðferð sem þau ákveða sjálf.

10. gr.

Tilhögun við öflun og eign skotfæra skal vera hin sama og við eign þeirra skotvopna sem skotfærin eru ætluð í.

11. gr.

1. Þrátt fyrir 12. gr. er einungis heimilt að flytja skotvopn frá einu aðildarríki til annars í samræmi við ákvæði eftirfarandi málsgreina. Þessi ákvæði gilda einnig um flutning á skotvopnum sem keypt eru í gegnum póstverslun.

2. Þegar flytja á skotvopn til annars aðildarríkis skal viðkomandi gefa aðildarríkinu, þar sem skotvopnið er, eftirfarandi upplýsingar áður en það er sent:

— nöfn og heimilisföng seljanda eða þess sem lætur skotvopnið af hendi, kaupanda eða viðtakanda skotvopnsins eða, eftir því sem við á, eiganda þess,

— heimilisfangið sem skotvopnið skal sent til eða flutt á,

— fjölda skotvopna sem senda á eða flytja,

— nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á skotvopnið, ásamt staðfestingu á því að það hafi verið skoðað í samræmi við samninginn frá 1. júlí 1969 um gagnkvæma viðurkenningu á merkingum handvopna,

— flutningsmáta,

— brottfarardag og áætlaðan komudag.

Ekki þarf að veita upplýsingarnar sem um getur í tveimur síðustu undirliðum þegar um er að ræða flutning milli vopnasala.

Aðildarríkið skal kanna við hvaða skilyrði flutningurinn fer fram, einkum með tilliti til almannaoðryggis.

Heimili aðildarríkið flutning skal það gefa út leyfi með öllum upplýsingunum sem um getur í fyrsta undirliði. Leyfið skal fylgja skotvopninu til ákvörðunarstaðar þess og skal sýnt lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna sé þess óskað.

3. Þegar skotvopn, önnur en vopn til hernaðar, sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar skv. 2. mgr. 2. gr., eru flutt, getur hvert aðildarríki veitt vopnasala rétt til að flytja skotvopn frá yfirráðasvæði þess til vopnasala í öðru aðildarríki án fyrirframleyfisins sem um getur í 2. mgr.

Í því skyni skal það gefa út leyfi sem gildir ekki lengur en til þriggja ára og heimilt er að ógilda það eða afturkalla með rökstuddri ákvörðun. Skjal, sem vísar til þessa leyfis, skal fylgja skotvopninu á ákvörðunarstað; það ber að sýna lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna að beiðni þeirra.

Vopnasalinn skal, eigi síðar en við flutninginn, veita yfirvöldum aðildarríkisins, sem flutt er frá, allar upplýsingarnar sem skráðar eru í fyrstu undirgrein 2. mgr.

4. Hverju aðildarríki ber að afhenda hinum aðildarríkjunum skrá yfir þau skotvopn sem leyfilegt er að flytja til yfirráðasvæðis þess án fyrirframsamþykkis.

Þessi skrá yfir skotvopn skal senda til vopnasala sem fengið hafa leyfi til að flytja skotvopn án fyrirframsamþykkis samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 3. mgr.

12. gr.

1. Ef málsmeðferðinni, sem kveðið er á um í 11. gr., er ekki beitt, er því aðeins heimilt að eiga skotvopn þegar ferðast er um tvö eða fleiri aðildarríki að viðkomandi hafi fengið leyfi frá hverju þessara aðildarríkja. Aðildarríkjunum er heimilt að veita slíkt leyfi til einnar eða fleiri ferða til allt að eins árs með fyrirvara um endurnýjun. Slík leyfi skulu skráð í evrópska skotvopnaleyfið sem ferðamanninum ber að framvísa að beiðni lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er veiðimönnum, að því er varðar C- og D-flokk, og skyttum, að því er varðar B-, C- og D-flokk, heimilt að eiga eitt eða fleiri skotvopn í þessum flokkum án fyrirframleyfis á ferð um tvö eða fleiri aðildarríki með það í huga að stunda iðju sína, að því tilskildu að þeir hafi evrópskt skotvopnaleyfi þar sem slík skotvopn eru skráð og að því tilskildu að þeir geti tilgreint ástæður ferðarinnar, einkum með því að framvísa heimboði.

Þó gildir þessi undanþága ekki um ferðir til aðildarríkis sem bannar öflun og eign viðkomandi skotvopna eða gerir hana leyfis skylda, sbr. 3. mgr. 8. gr., en í því tilviki skal skrá skýlausa yfirlýsingu um það í evrópska skotvopnaleyfið.

Í skýrslunni, sem um getur í 17. gr., mun framkvæmdastjórnin, í samráði við aðildarríkin, fjalla um áhrifin af beitingu ákvæða annarrar undirgreinar, einkum að því er varðar allsherjarreglu og almannaöryggi.

3. Í samningum um gagnkvæma viðurkenningu á innlendum skjölum er tveimur eða fleiri aðildarríkjunum heimilt að kveða á um sveigjanlegra fyrirkomulag en það sem mælt er fyrir um í þessari grein um ferðir með skotvopn á yfirráðasvæðum þeirra.

13. gr.

1. Hverju aðildarríki ber að senda viðkomandi aðildarríki allar upplýsingar, sem máli skipta og það hefur aðgang að, um endanlegan flutning skotvopna til þess aðildarríkis sem ræður svæðinu sem þau voru flutt inn á.

2. Allar upplýsingar, sem aðildarríki öðlast við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 8. gr., um öflun og eign erlendra aðila á skotvopnum, skal tilkynna aðildarríkinu, sem er ákvörðunarstaður, og, ef við á, aðildarríkjunum, sem farið er um, eigi síðar en um leið og flutningurinn fer þar um.

3. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. janúar 1993, koma á kerfi til að miðla upplýsingum um beitingu þessarar greinar. Þau skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þau innlendu yfirvöld sem bera ábyrgð á að senda og taka við upplýsingum og framfylgja formsatriðunum sem um getur í 4. mgr. 11. gr.

14. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja öll viðeigandi ákvæði til að banna að komið sé inn á yfirráðasvæði þeirra með:

- skotvopn, nema í þeim tilvikum sem skilgreind eru í 11. og 12. gr. og að því tilskildu að skilyrðunum, sem þar er mælt fyrir um, sé fullnægt,
- vopn önnur en skotvopn, að því tilskildu að innlend ákvæði hlutaðeigandi aðildarríkis heimili það.

4. KAFLI

Lokaákvæði

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu efla eftirlit með eign vopna á ytri landamærum Bandalagsins. Þau skulu einkum tryggja að ferðamenn frá þriðju löndum sem hyggjast fara áfram til annars aðildarríkis fari að 12. gr.

2. Þessi tilskipun skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríki eða flutningafyrirtæki hafi eftirlit með því þegar farið er um borð í flutningatæki.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hvernig eftirlitið, sem um getur í 1. og 2. mgr., fer fram. Framkvæmdastjórnin skal safna saman þessum upplýsingum og láta öllum aðildarríkjunum í té.

4. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um innlend ákvæði sín, þ.m.t. breytingar varðandi öflun og eign vopna ef innlend lög eru strangari en þær lágmarkskröfur sem þeim ber að samþykkja. Framkvæmdastjórnin skal senda aðildarríkjunum þessar upplýsingar.

16. gr.

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög við vanefndum á ákvæðunum sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun. Viðurlögin skulu vera nægilega ströng og stuðla að því að farið sé að þessum ákvæðum.

17. gr.

Innan þriggja ára frá lögleiðingu þessarar tilskipunar í aðildarríkjunum skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um árangurinn af beitingu þessarar tilskipunar ásamt tillögum ef við á.

18. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari með góðum fyrirvara svo að ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun komi til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1993. Þau skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um ráðstafanirnar sem gerðar hafa verið.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

19. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 18. júní 1991.

Fyrir hönd ráðsins,

G. WOHLFART

forseti.

I. VIÐAUKI

- I. Í þessari tilskipun merkir hugtakið „vopn“:
- skotvopn eins og skilgreint er í II. lið þessa viðauka,
 - vopn, önnur en skotvopn, eins og skilgreint er í innlendra löggjöf.
- II. Í þessari tilskipun merkir hugtakið „skotvopn“:
- A. Allir hlutir sem teljast til eftirfarandi flokka, nema þeir falli að skilgreiningunni en eru útilokaðir af ástæðum sem fram koma í III. lið.

A-flokkur — Bönnuð skotvopn

1. Sprengifim flugskeyti og skotbúnaður til hernaðar.
2. Sjálfvirk skotvopn.
3. Skotvopn, dulbúin sem eitthvað annað.
4. Skotfæri með skotum sem fara í gegnum brynvörn eða með sprengju- eða íkveikjuskotum og skot í slík skotfæri.
5. Skotfæri í skambyssur og marghleypur með skotum sem splundrast og skot í slík skotfæri, nema þegar um er að ræða vopn til veiða eða íþróttaskotfimi fyrir einstaklinga sem hafa rétt til að nota þau.

B-flokkur — Leyfisskyld skotvopn

1. Stutt skotvopn sem eru hálfsvirk eða fjölskota.
2. Einskota, stutt skotvopn með miðkveiktu skothylki.
3. Einskota, stutt skotvopn með randkveiktu skothylki sem eru styttri en 28 cm í allt.
4. Hálfsvirk, löng skotvopn með skothylkjahólfi og skothúsi fyrir meira en þrjú skothylki alls.
5. Hálfsvirk, löng skotvopn með skothylkjahólfi og skothúsi fyrir færri en þrjú skothylki alls, ef hleðslubúnaðurinn er laus eða ef ekki er öruggt að ekki sé hægt að breyta vopninu með venjulegum verkfærum í vopn með skothylkjahólfi og skothúsi fyrir meira en þrjú skothylki alls.
6. Löng skotvopn sem eru fjölskota og hálfsvirk með óríflluðu hlaupi sem er styttra en 60 cm að lengd.
7. Hálfsvirk skotvopn til borgaralegra nota sem líkjast sjálfvirkum vopnum.

C-flokkur — Tilkynningaskyld skotvopn

1. Löng, fjölskota skotvopn önnur en þau sem skráð eru í 6. lið B-flokks.
2. Löng skotvopn með einskota, ríflluðu hlaupi.
3. Hálfsvirk, löng skotvopn, önnur en þau sem skráð eru í 4. og 7. lið B-flokks.
4. Einskota, stutt skotvopn með randkveiktu skothylki sem eru lengri en 28 cm í allt.

D-flokkur — Önnur skotvopn

Einskota, löng skotvopn með óríflluðu hlaupi.

B. Allir nauðsynlegir hlutar slíkra skotvopna:

Lásbúnaður, skothús og hlaup skotvopna, sem eru aðskildir hlutar, teljast til sama flokks og þau skotvopn sem þeir eru festir við eða þeim er ætlað að vera festir við.

III. Í þessum viðauka nær skilgreiningin „skotvopn“ ekki yfir hluti sem svara til skilgreiningarinnar ef þeir:

- a) hafa verið gerðir endanlega ónothæfir með tæknilegum aðferðum sem opinber aðili ber ábyrgð á eða viðurkennir,
- b) eru ætlaðir til að nota til viðvörunar, merkjasendingar, björgunar mannslífa, slátrunar dýra eða skutulveiða eða í iðnaðar- eða tækniskyni, að því tilskildu að þá sé hægt að nota í þeim eina tilgangi,

c) teljast fornmunir eða eftirlíkingar þeirra því að þeir falla ekki í flokkana hér að framan og eru háðir landslögum.

Þar til samræming hefur náðst í öllu Bandalaginu er aðildarríkjunum heimilt að beita landslögum á þau skotvopn sem skráð eru í þessum lið.

IV. Í þessum viðauka:

- a) merkir hugtakið „stutt skotvopn“ skotvopn með hlaupi sem er styttra en 30 cm eða sem eru styttri en 60 cm í allt,
- b) merkir hugtakið „löng skotvopn“ skotvopn önnur en stutt skotvopn,
- c) merkir hugtakið „sjálfvirkt skotvopn“ skotvopn sem er hlaðið sjálfkrafa í hvert sinn sem hleypt er af skothylki og getur hleypt af fleiri en einu skothylki í hvert sinn sem tekið er í gikkinn,
- d) merkir hugtakið „hálf sjálfvirkt skotvopn“ skotvopn sem er endurhlaðið sjálfkrafa í hvert sinn sem hleypt er af skothylki og getur einungis hleypt af einu skothylki í hvert sinn sem tekið er í gikkinn,
- e) merkir hugtakið „fjölskota skotvopn“ skotvopn sem er hannað fyrir handvirka endurhleðslu úr skothylkjahólfi eða skothylkjahólki eftir að hleypt hefur verið af skothylki,
- f) merkir hugtakið „einskota skotvopn“ skotvopn sem ekki er með skothylkjahólfi og er hlaðið fyrir hvert skot með því að setja skothylkið handvirkt inn í skothúsið eða hleðsludældina við hleðsluhólf hlaupsins,
- g) merkir hugtakið „skotfæri með skotum sem fara í gegnum brynvörn“ skotfæri til hernaðar með hjúpuðum skotum sem hafa harðan gegnumþrengjandi kjarna,
- h) merkir hugtakið „skotfæri með skotum sem splundrast“ skotfæri til hernaðar sem eru hlaðin skotum sem splundrast við högg,
- i) merkir hugtakið „skotfæri með íkveikjuskotum“ skotfæri til hernaðar með skotum sem innihalda efnasamsetningu sem kviknar í þegar hún kemst í snertingu við loft eða við högg.

II. VIÐAUKI

EVROPSKA SKOTVOPNALEYFIÐ

Í leyfinu skal tiltaka eftirfarandi:

- a) deili á leyfishafa,
- b) auðkenning vopnsins eða skotvopnsins, þ.m.t. flokkur þess í skilningi þessarar tilskipunar,
- c) gildistíma leyfisins,
- d) reit til nota fyrir aðildarríkið sem gefur leyfið út (gerð og tilvísunarnúmer vopnaleyfisins o.s.frv.),
- e) reit fyrir færslur frá öðrum aðildarríkjum (leyfi til að fara inn á yfirráðasvæði þeirra o.s.frv.),
- f) athugasemdirnar:

„Rétturinn til að ferðast til annars aðildarríkis með eitt eða fleiri skotvopn í B-, C- eða D-flokki, sem eru skráð í þessu leyfi, er með fyrirvara um að aðildarríkið, sem farið er til, hafi áður veitt eitt eða fleiri samsvarandi leyfi. Leyfið eða leyfin er heimilt að skrá í leyfið.

Fyrirframleyfi, sem um getur hér að framan, er að öllu jöfnu ekki nauðsynlegt til að ferðast með skotvopn í C- eða D-flokki með það í huga að stunda veiðar eða með skotvopn í B-, C- eða D-flokki með það í huga að taka þátt í skotfimi, að því tilskildu að ferðamaðurinn hafi skotvopnaleyfið meðferðis og geti sýnt fram á hver sé tilgangur ferðarinnar.“

Ef aðildarríki hefur tilkynnt hinum aðildarríkjunum, í samræmi við 3. mgr. 8. gr., að eign tiltekinna skotvopna í B-, C- eða D-flokki sé bönnuð eða leyfisskyld, bætist við önnur eftirfarandi athugasemda:

„Ferð til ... (ríkið eða ríkin tilgreind) með skotvopn ..(nánar tiltekið) skal vera bönnuð.“

„Ferð til ... (ríkið eða ríkin tilgreind) með skotvopn ... (nánar tiltekið) skal vera leyfisskyld.“
